

**7. fundur Samstarfsráðs um alþjóðlega þróunarsamvinnu  
21.maí 2012 kl. 13:30 í utanríkisráðuneytinu**

**FUNDARGERÐ**

**Fundinn sátu:**

Fundarstjóri: Valgerður Sverrisdóttir, formaður.

Fulltrúar í samstarfsráði:

Drífa Hjartardóttir, Guðrún Ögmundsdóttir, Margrét Sigurgeirsdóttir, Þorbjörn Guðmundsson, Jónas Þ. Þórisson, Ragnar Gunnarsson, Ulla Magnusson, Þórir Guðmundsson, Guðrún Margrét Pálsdóttir.

Starfsmenn utanríkisráðuneytis og Þróunarsamvinnustofnunar Íslands:

María Erla Marelsdóttir, Þórdís Sigurðardóttir, Anna Katrín Vilhjálmisdóttir, Jónas Haraldsson, Svanhvít Aðalsteinsdóttir og Þórarinna Söebeck (fundarritari).

**Inngangsorð formanns**

Formaður setti fundinn og bauð fulltrúa í samstarfsráðinu velkomna til sjöunda fundar ráðsins.

**1. Fundargerð síðasta fundar**

Formaður upplýsti að fundargerð 6. fundar samstarfsráðsins hafi verið birt á heimasíðu utanríkisráðuneytisins undi vefsvæði samstarfsráðsins ásamt öðrum gögnum.

**2. Samstarfsáætlun fyrir Malaví árin 2012-2016**

Þórdís Sigurðardóttir kynnti samstarfsáætlun fyrir Malaví, en um er að ræða fyrstu áætlunina sem gerð er um samstarf Íslands við áherslulönd Íslands á sviði þróunarsamvinnu. Í henni er lögð áhersla á samstarf við Mangochi-hérað á sviði lýðheilsu, menntamála og vatns- og hreinlætismála. Samstarfsáætlunin var lögð fram til umsagnar samstarfsráðsins. Ráðið lýsti yfir stuðningi við áætlunina við lok umræðu.

**3. Sýn og starfshættir Þróunarsamvinnustofnunar Íslands**

Þórdís Sigurðardóttir kynnti nýtt skjal ÞSSÍ; Sýn og starfshætti ÞSSÍ, endurskoðað og uppfært skjal um stofnunina. Í skjalinu er sett fram hlutverk stofnunarinnar ásamt sýn og markmiðum starfsins. Jafnframt er greint frá framkvæmd starfsins, áherslum, fjármögnun, samstarfsáætlunum og verklagi, auk þess sem fjallað er um mælikvarða og hvernig hægt er að meta árangur af starfinu. Skjalið var lagt fram til umsagnar samstarfsráðsins. Töluverð umræða var þ skjalið. Ráðið lýsi yfir stuðningi við skjalið við lok umræðu.

#### **4. Kynning á jarðhitasamstarfi Íslands og Alþjóðabankans**

Jónas Haraldsson kynnti nýtt samstarf Íslands og Alþjóðabankans á sviði jarðhitanýtingar í Austur-Afríku. Um er að ræða aðstoð við löndin sem staðsett eru á Austur Afríku sigdældinni. Með samkomulaginu er Ísland orðinn helsti ráðgjafi Alþjóðabankans á sviði jarðhitanýtingar.

#### **5. Kynning á ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun, 20.-22. Júní í Ríó de Janeiro í Brasilíu – RÍÓ+20**

Anna Katrín Vilhjálmsdóttir sagði frá ráðstefnunni, en áherslumál Íslands eru fjögur: málefni hafsins, landgræðsla, hrein orka og jafnrétti kynjanna. Samningsviðræður um niðurstöðuskjalið eru í fullum gangi, en líklegt má teljast að hin „sjálfbæru þróunarmarkmið“ (SDGs) muni fá mikla athygli og tengjast því sem tekur við af Þúsaldarmarkmiðum SP um þróun. Ennfremur greindi hún frá því að tekið verði tillit til niðurstöðu RÍÓ+20 við mótun umhverfisstefnu í þróunarsamvinnu, en samkvæmt þróunarsamvinnuáætlun fyrir 2011 – 2014 er gert ráð fyrir að slík stefna liggi fyrir á þessu ári.

#### **6. Neyðar- og mannúðaraðstoð**

Svanhvít Aðalsteinsdóttir greindi frá stöðunni á sviði neyðar- og mannúðaraðstoðar. Á Sahel svæðinu og í Súdan er yfirvofandi hungursneyð og veittu íslensk stjórnvöld 13 milljónum króna til Matvælaáætlunar SP (WFP) í því sambandi. Svanhvít sagði einnig frá styrkjum til frjálsra félagasamtaka, en frá og með árinu 2012 er sérstakur fjárlagaliður tileinkaður framlögum til verkefna félagasamtaka. Verklagsreglur UTN og ÞSSÍ frá árinu 2010 um úthlutanir til félagasamtaka verða endurskoðaðar á árinu.

#### **7. Skýrsla endurskoðunar um skuldbindandi samninga utanríkisráðuneytisins**

María Erla Marelsdóttir kynnti skýrslu Ríkisendurskoðunar um skuldbindandi samninga ráðuneytisins og helstu ábendingar. Þar kemur fram að skjalfesta þurfi verklagsreglur vegna samningsmála, fylgjast þarf með að stofnanir uppfylli ákvæði samninga og tengja þurfi greiðslur við markmið, frammistöðu eða framvindu. Fagteymi um verklag og eftirlit mun vinna að slíkum verklagsreglum m.t.t. skýrslu Ríkisendurskoðunar.

#### **8. Önnur mál**

Anna Katrín Vilhjálmsdóttir greindi frá vinnu við gerð framtíðarskipulags HSP á Íslandi, en stefnt er að því að ljúka þeirri vinnu í júní nk.

*Fundi slitið kl 15:50*